



GRUNNSKÓLINN
Í ÞORLÁKSHÖFN

Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2016-2017

„Skólinn er nettur og frábær, allir eru líka skemmtilegir“
Úr nemendakönnun Skólapúlsins í apríl 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið	3
Sjálfsmatsteymið	4
Verkætlun 2016-2017	4
Könnun vegna kaffistofu	4
Viðtöl við nemendur í 1.-3. bekk	5
Starfsmannasamtöl	5
Skólapúlsinn	6
Nemendakönnun	6
Foreldrakönnun	7
Starfsmannakönnun	9
Vinna með niðurstöður Skólapúlsins	10
Nemendakönnun	10
Foreldrakönnun	12
Starfsmannakönnun	12
Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2017-2018	13
Sjálfsmat skólaárið 2017-2018	14
Lokaorð	15

Inngangur

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskólans í Þorlákshöfn er unnin í samræmi við Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Þar er í VII kafla fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt lögnum er það hvers skóla að velja þær aðferðir sem notaðar eru við innra mat með þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólum er skylt að birta opinberlega upplýsingar um matið.

Sjálfsmat er ferli sem snýst um að afla upplýsinga um starfsemi skólans og leggja mat á upplýsingarnar. Í framhaldinu er mikilvægt að skoða áframhaldandi skólastarf og hvort einhverjar breytingar þarf að gera og hvað hægt er að gera til þess að festa jákvæða þætti enn betur í sessi.

Í þessar skýrslu er lýsing á því mati sem fór fram skólaárið 2016-2017. Í henni er farið yfir markmið matsins, niðurstöður og hvernig unnið var með þær upplýsingar sem aflað var í matinu.

Á skólaárinu voru lagðar fyrir kannanir Skólapúlsins. Skólapúlsinn er vefkerfi þar sem hægt er að spyrja nemendur, foreldra og starfsmenn út í ýmsa þætti skólastarfsins. Nemendakönnun var lögð fyrir alla nemendur í 6. -10. bekk, foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra 100 barna og allt starfsfólk nema skólastjórinn fengu könnun Skólapúlsins. Þá var viðhorf starfsmanna til hinna ýmsu mála kannað í starfsmannaviðtölum. Könnun varðandi úrbætur á kaffistofu starfsfólks var einnig gerð meðal þeirra. Nemendur í 1. -3. bekk voru spurðir í hópum varðandi hvað þeim þætti gott við skólann og hvað mætti bæta. Niðurstöðum allra þessara kannana verður gerð skil í þessari skýrslu. Auk þess verður fjallað um hvernig unnið var með niðurstöður og þá umbótaáætlun sem unnin var í framhaldi af þeirri vinnu. Að lokum er farið yfir fyrirhugað mat á skólaárinu 2017-2018.

Markmið

Markmiðið með sjálfsmatinu er að skoða þær upplýsingar sem koma frá margvíslegum hópum skólasamfélagsins og rýna í þær til gagns fyrir skólastarfið. Skoða hvað er gert vel og hvað þarf að bæta. Í báðum tilvikum er hægt að vinna að úrbótum, efla þá þætti sem ganga vel og bæta það sem verr kemur út. Með sjálfsmatinu er einnig hægt að gera helstu hagsmunaaðilum skólasamfélagsins grein fyrir gæðum skólastarfsins.

Sjálfsmatsteymið

Skólaárið 2016-2017 sátu eftirfarandi starfsmenn skólans í sjálfsmatsteymi: Anna Sólveig Ingvadóttir umsjónarkennari í 7. bekk, Hrönn Sverrisdóttir umsjónarkennari í 6. bekk, Sigbrúður Harðardóttir dönsku- og íslenskukennari á unglíngastigi, Sigrún Huld Pálmarsdóttir skólaliði og Ólína Þorleifsdóttir aðstoðarskólastjóri, sem stýrði vinnu teymisins. Teymið fundaði fimm sinnum yfir skólaárið en auk þess hittust meðlimir þess til að undirbúa úrvinnslu á niðurstöðum kannanna.

Verkátun 2016-2017

Á skólaárinu voru lagðar fyrir kannanir Skólapúlsins. Nemendakönnun var lögð fyrir alla nemendur skólans í tvennu lagi í október og mars. Í nemendakönnun svara allir nemendur í 6.-10. bekk fjölmörgum spurningum sem snúa að námi, líðan, heilsu og heilbrigði. Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra um 100 nemenda í marsmánuði. Í þeirri könnun eru foreldrar spurðir um upplifun sína af skólustarfinu, samskipti við kennara og starfsfólk og þá þjónustu sem skólinn veitir. Starfsmannakönnun var einnig lögð fyrir í sama mánuði. Í starfsmannakönnun er spurt um líðan og aðbúnað á vinnustað auk þess sem kennarar svara ýmsum spurningum varðandi kennslu og þætti sem snúa að námi nemenda.

Nemendur í 1.-3. bekk voru spurðir í hópviðtölum hvað þeim þætti gott við skólann og hvað mætti bæta. Þá var einnig lögð fyrir rafræn könnun á aðbúnaði á kaffistofu starfsfólks og ýmsu hvað varðar kaffi- og matarmál.

Samtöl skólastjórnenda við starfsfólk fóru fram á tímabilinu febrúar – mars 2017.

Könnun vegna kaffistofu

Í september var rafræn könnun send í tölvupósti til allra starfsmanna skólans. Í könnuninni var spurt út í aðstæður á kaffistofu en umræður voru um að bæta mætti aðstöðu þar. Spurt var hvort starfsmenn drykki kaffi, hvernig kaffi, hvernig þeim þætti kaffið vera og hvað annað það þeir væru að drekka. Einnig var fólk beðið um að koma athugasemdum á framfæri varðandi aðstæður á kaffistofunni. Niðurstöður urðu þær að flestir drekka kaffi, en mörgum þótti kaffið

sem boðið var upp á ekki nægilega gott. Þá kom einnig fram að margir vildu fá aðgang að betra drykkjarvatni. Skólastjórnendur rýndu í niðurstöður könnunarinnar ásamt húsverði. Niðurstöðurnar leiddu til þess að ýmsar breytingar voru gerðar. Ákveðið var að breyta aðstöðu til að hella upp á kaffi og fá kaffikönnu þar sem hægt væri að hella upp á kaffi á kaffistofunni, en ekki hjá húsverði eins og áður. Þá var einnig ákveðið að breyta um tegund á kaffi, bæta aðstöðu til einfaldrar matargerðar og uppáhellingar og kaupa vél þar sem hægt var að fá bæði kalt vatn og sóðavatn.

Viðtöl við nemendur í 1.-3. bekk

Tveir meðlimir úr sjálfsmatshópnum tóku viðtöl við nemendur í 1. -3. bekk. Í þessum viðtölum var rætt við nemendur í 10-12 manna hópum. Tvær spurningar voru ræddar, hvað er gott í skólanum okkar og hvað þarf að bæta.

Margvísleg svör komu fram og hér verða nokkur þeirra nefnd. Þegar kom að því að nefna hvað mætti betur fara voru margir nemendur sem ræddu um stríðni og þá sem fara ekki eftir reglum. Það mætti ekki vera reiður og rífast við aðra. Þá var nefnt að stundum mætti vera kakósúpa og pítsa í matinn og ekki svona oft fiskur. Einnig var það nefnt að nemendur þyrftu stundum að vera betri hver við annan.

Varðandi það hvað nemendum í 1.-3. bekk fannst gott við skólann þá komu fjölmargar athugasemdir fram. Margir nefndu að hér væru allir vinir, það væri gaman að læra, maturinn væri góður, kennarar skemmtilegir, skólinn væri snyrtilegur og hér væri gott og gaman að leika við vini sína.

Starfsmannasamtöl

Í febrúar og mars tóku skólastjóri og aðstoðarskólastjóri starfsmannasamtöl við allt starfsfólk skólans. Skólastjóri átti samtal við flesta kennara, en aðstoðarskólastjóri ræddi við fleiri úr hópnum annað starfsfólk. Boðað var í viðtal með nokkurra daga fyrirvara í gegnum tölvupóst og einnig sendar nokkrar spurningar sem notaðar voru til grundavallar samtalinu. Spurt var um fjölmarga þætti sem koma að vinnustaðnum og starfinu í skólanum. Meðal annars var rætt um líðan á vinnustað, vinnustaðamenningu, skólastarfið í vetur, upplýsingaflæði, álag í starfi, stuðning í starfi, næsta skólaár, endurmenntun, ábendingar um það sem betur má fara og

ýmislegt fleira. Skólastjórnendur tóku niður punkta í þessum viðtölum og ræddu sín á milli um það sem kom fram. Skipulag næsta skólaárs grundvallast að miklu leyti á þeim upplýsingum sem komu fram í þessum viðtölum. Sem dæmi þá voru allir starfsmenn ánægðir með Vikupóstinn sem stjórnendur senda frá sér á föstudögum og nánast allir starfsmenn höfðu á orði að þeir væru spenntir fyrir náms- og kynnisferð til Birmingham dagana 15. – 17. mars 2017 og litu á það sem gott hópefli. Vert er að geta þess að 96,2% allra starfsmanna fóru í ferðina. Talsvert bar á því að kennarar kvörtuðu undan álagi í starfi og þá sér í lagi umsjónarkennarar sem allir nefndu það sérstaklega.

Skólapúlsinn

Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir alla nemendur í 6. -10. bekk í tvennu lagi í október 2016 og mars 2017. Könnunin skiptist í þrjá meginþætti, í fyrsta lagi virkni nemenda í skólanum, í öðru lagi líðan og heilsu og í þriðja lagi skóla- og bekkjaranda. Langflestir grunnskólar á Íslandi leggja nemendakönnun Skólapúlsins fyrir og geta skólar því borið sínar niðurstöður saman við niðurstöður á landsvísu þar sem fundið er út ákveðið meðaltal.

Í fyrsta hlutanum sem snýr að virkni nemenda í skólanum kemur skólinn vel út. Spurningar varðandi áhuga á náminu, þrautseigju, ánægju af stærðfræði og trú á eigin vinnubrögðum í námi koma út á meðaltali og skera sig ekki út miðað við aðra skóla. Ánægja af náttúrufræði kemur marktækt betur út hér en í öðrum skólum.

Í öðrum hluta eru spurningar sem snúa að líðan og heilsu nemenda. Þar er spurt út í sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur, einelti, tíðni hreyfingar og hollt matarræði. Þessir þættir komu flestir vel út og ekki marktækur munur á þeim miðað við aðra skóla. Tveir þættir mælast þó marktækt neikvætt miðað við meðaltalið. Eineltið mælist lítillega yfir meðallagi og einnig þátturinn sem snýr að hollu matarræði. Þessir þættir voru ræddir ítarlega á fundum með starfsfólki og nemendum og verður gert grein fyrir þeirri vinnu síðar í skýrslunni.

Í þriðja og síðasta hluta könnunar Skólapúlsins er spurt út í þætti sem snúa að skóla- og bekkjaranda. Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda og kennara, aga í tímum, virka þátttöku nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu. Eini þátturinn sem kom út aðeins undir meðallagi er samsömun við nemendahópinn, en í þeim þætti mælist skólinn lítillega

undir meðaltali. Aðrir þættir koma afar vel út en samband nemenda við kennara kemur vel yfir meðaltali, agi í tímum kemur lagt yfir meðaltali sem og virk þátttaka nemenda í kennslustundum. Þetta eru greinilega sterkir þættir í skólastarfinu í Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

Auk þessara stöðluðu spurninga eru tvær opnar spurningar þar sem nemendur eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir gott við skólann sinn og hvað mætti betur fara. Ekki kusu allir nemendur að svara þessum spurningum en 78 nemendur lýstu því hvað væri gott við skólann og 76 sögðu frá því sem betur mætti fara. Skólastjórnendur fóru yfir opin svör nemenda og brugðust við því sem þurfti að bregðast við. Margir nemendur vildu koma skoðun sinni á framfæri hvað varðar mat í mötuneyti, sumum fannst maturinn ekki góður en aðrir töldu hann mjög góðan. Þá bentu einnig nokkrir nemendur um að stundum mættu samskiptin vera jákvæðari. Varðandi jákvæðar athugasemdir um skólann bentu margir nemendur á að í skólanum ríkti góður andi og að kennurum þætti vænt um nemendur. Einnig voru margir sem töluðu um að flestir væri vinir og mikið væri gert til að hjálpa nemendum.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í mars. Svörunin var góð og svörðu um 86% þeirra sem lentu í úrtakinu könnuninni. Könnunin skiptist í fimm þætti. Í þætti eitt er spurt út í nám og kennslu. Í þætti tvö eru spurningar sem snúast um velferð nemenda. Í þætti þrjú er spurt út í aðstöðu og þjónustu skólans. Í þætti fjögur er spurt út í foreldrasamstarf og í þætti fimm er spurt út í stuðning heima við námið. Þá eru einnig tvær opnar spurningar þar sem þátttakendur eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir gott við skólann og hvað megi betur fara. Hér verða helstu niðurstöður reifaðar, einkum það sem kemur marktækt undir meðaltali miðað við aðra skóla í þessari sömu könnun.

Niðurstöðurnar eru settar fram þannig að hægt er að miða svörun í skólanum miðað við svörun foreldra í öðrum skólum sem nýta sér kerfi Skólapúlsins. Í fyrsta hlutanum þar sem spurningarnar snúast um nám og kennslu kemur fram mikil ánægja foreldra. Allir þættirnir koma vel yfir landsmeðaltali og ánægja foreldra með nám og kennslu er marktækt vel yfir. Þá eru foreldrar einnig ánægðir með stjórnun skólans en 98% foreldra eru telja að skólanum sé vel stjórnað.

Í öðrum hluta könnunarinnar eru spurningar sem koma að velferð nemenda. Þar eru nokkrir þættir sem koma afar vel út miðað við aðra skóla, en ánægja foreldra með samskipti starfsfólks og nemenda er marktækt meiri en gengur og gerist. Auk þess eru fleiri foreldrar hér ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda. Nemendur líður vel í skólanum að mati foreldra og eru marktækt fleiri foreldra í skólanum ánægðir með úrvinnslu skólans í eineltismálum. Athygli vekur þó að meðaltímabil eineltis er hér marktækt lengra en í skólum sem eru hér til samanburðar.

Í þriðja hlutanum er spurt út í aðstöðu og þjónustu sem skólinn veitir. Þessi hluti kemur afar vel út og ánægja með aðstöðu í skólanum er hér langt yfir því meðaltali sem kemur fram í öðrum skólum. Foreldrar virðast því afar sáttir við aðstöðuna í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Einnig er marktækt meiri ánægja með frístundaheimili hér og fleiri foreldrar sem nýta sér þá þjónustu en almennt gerist.

Foreldrasamstarf er fjórði hluti í foreldrakönnuninni. Foreldrasamstarfið kemur vel út úr þessari könnun. Fleiri foreldrar hér segja að leitað sé til þeirra eftir tillögum og þeirra ábendingar teknar til greina. Þá eru einnig 99% foreldra ánægðir með síðasta foreldraviðtal sem er 5% meiri ánægja en í öðrum skólum sem eru hér til samanburðar. Færri foreldrar hér taka þátt í gerð námsáætlana með börnum sínum eða 46% miðað við 54% í samanburðarskólum. 14,7% fleiri foreldrar hér en í öðrum skólum telja að þeir séu upplýstir um stefnu skólans og námskrá.

Í fimmta hluta foreldrakönnunar er spurt út í heimastuðning, virkni foreldra í námi barna sinna, trú á eigin getu til að aðstoða við heimanám, tíma sem fer í að aðstoða og væntingar foreldra um menntunarstig barna sinna. Fleiri foreldrar hér töldu að tíminn sem færi í aðstoð við heimanám væri hæfilegur miðað við aðra skóla. En 77% foreldra töldu tímann hæfilegan miðað við 71% í þeim skólum sem eru hér til samanburðar. Þess má þó geta að tími foreldra sem fer í aðstoð við heimanám er hér umtalsvert styttri en í skólunum sem eru til samanburðar eða tæpum 12% skemmri tími.

Í opnum svörum við lok könnunarinnar voru foreldrar beðnir um að segja frá því sem þeim þykir gott við skólann og benda á það sem betur má fara. 42 athugasemdir bárust varðandi það sem er gott við skólann og 33 varðandi það sem má bæta. Athugasemdirnar fjölluðu um ýmsa

þætti og fjölmargt sem þar kom fram en ekkert sem er áberandi sameiginlegt.

Skólastjórnendur fóru vel yfir þessi opnu svör og skoðuðu hvort þar væri eitthvað sem þyrfti að bregðast við.

Starfsmannakönnun

Allir starfsmenn skólans fengu boð um að taka þátt í starfsmannakönnun Skólapúlsins.

Svörunin var góð því um 84% starfsmanna svöruðu könnuninni. Könnunin skiptist í sex þætti.

Í fyrstu tveimur hlutum eru spurningar til allra starfsmanna varðandi almennan aðbúnað í starfinu og viðhorf til skólans. Í þriðja hluta eru þeir sem sinna kennslu spurðir út í kennarastarfið og í fjórða hluta er spurt um starfsumhverfi kennara. Í fimmta hlutanum er spurt um mat og endurgjöf á starfi kennara og í þeim sjötta eru kennarar spurðir út í endurmenntun sína. Að lokum eru tvær opnar spurningar um það sem er gott í skólanum og það sem betur má fara.

Í fyrstu tveimur hlutum könnunarinnar eru allir starfsmenn spurðir út í ýmislegt sem viðkemur vinnustaðnum. Allar upplýsingar eru gefnar út í samanburði við aðra skóla sem taka þátt í þessari könnun og ef mæling skólans á tilteknum þætti er tölfræðilega marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðum annarra er það tilgreint sérstaklega. Spurt var um starfsmannaviðtöl, áreitni meðal starfsfólks, starfsanda innan skólans, stjórnun skólans og starfsumhverfi. Allir þessir þættir komu vel út eða í meðaltali miðað við aðra skóla. Einn þáttur kom mælanlega fyrir ofan meðaltal en það var upplýsingastreymi innan skólans sem mælist afar gott.

Í þriðja hluta könnunarinnar eru kennarar spurðir út í kennarastarfið. Spurt er um ánægju með kennarastarfið, trú á eigin getu, upplýsingamiðlun og ýmis vinnubrögð við nám og kennslu nemenda. Allir þessir þættir komu vel út og á meðaltali ef miðað er við aðra skóla sem taka þátt. Eini þátturinn sem sker sig úr miðað við landsmeðaltalið er upplýsingamiðlun til foreldra en hún mælist marktækt aðeins undir því sem gerist á landsvísu.

Í fjórða hluta könnunarinnar eru kennarar spurðir út í starfsumhverfi sitt. Þar er spurt um þann stuðning sem kennarar fá vegna nemenda með hegðunar- og námserfiðleika, faglegan stuðning skólastjóra, samráð um kennslu, samvinnu kennara, valddreifingu, virka samvinnu um skólaþróun og umbætur og vinnuáæstæður. Í ljós kom að kennarar upplifa hér í skólanum mikinn stuðning þegar kemur að nemendum með hegðunar- og námserfiðleika. En þessir

Þættir koma langt yfir meðaltali. Samráð um kennslu og samvinna um kennslu eru þættir sem koma báðir aðeins mælanlega undir meðaltali. Þá eru kennarar greinilega ánægðir með vinnuaðstæður sínar en sá þáttur mælist einna hæst ef miðað er við aðra skóla í könnuninni.

Í fimmta hluta könnunarinnar er fjallað um mat og endurgjöf á starfi kennara. Spurt er um umfang mats og endurgjafar, hvort matið er hæfilegt frá stjórnendum, sanngirni þess, gagnsemi og nýtingu á niðurstöðum þess. Þessir þættir komu ágætlega út en marktækt eru hér flestir sem telja matið vera hæfilegt. Aðrir þættir teljast hvorki marktækt fyrir ofan eða neðan meðaltal annarra skóla.

Í síðasta hlutanum er spurt um símenntun kennara. Spurt er um meðalfjölda daga í símenntun, símenntunarpörf, hlutfall þeirra sem hefðu viljað meiri símenntun, hindranir og þær leiðir sem kennarar fara til að sinna símenntun sinni. Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá meðaltali kemur í ljós að meðalfjöldi daga í símenntun hér hjá kennurum er 11,3 en á landsvísu eru þeir 15,3. Þá kemur einnig í ljós að marktækt telja kennarar hér ekki sig hafa ekki eins mikla þörf fyrir símenntun og í þeim skólum sem eru hér til samanburðar.

Í opnu spurningunum komu fram ýmsar athugasemdir. Ekki var hægt að merkja neitt sammerkt í þeim. Skólastjórnendur fóru yfir athugasemdirnar og sáu strax nokkur atriði sem hafa breyst til batnaðar frá því könnunin var gerð í mars og önnur sem eru á áætlun að breyta fyrir næsta skólaár.

Vinna með niðurstöður Skólapúlsins

Nemendakönnun

Niðurstöður nemendakönnunar voru ræddar á fundi með starfsfólki í nóvember. Farið yfir allar niðurstöður og kynnt. Eftir þá kynningu var hópnum skipt í nokkra hópa sem fóru á milli stöðva til að ræða nokkrar spurningar sem sjálfsmatsteymið var búið að undirbúa. Rætt var um sterkar hliðar á skólastarfinu eins og samband kennara og nemenda, aga í kennslustundum og ánægju með náttúrfræði. Varðandi sterku hliðarnar þá kom fram að kennarar hlusti á nemendur, ræða við þá eins og jafningja og sýna þeim væntumþykju. Varðandi náttúrufræði þá kom fram að verkefnin væru áhugaverð, aukin áhersla á verklegt nám og tilraunir. Þá kom einnig fram að starfsfólk skólans gefur sig að nemendum og er vinallegt við nemendur.

Varðandi veikar hliðarnar þá mælist einelti hér aðeins yfir meðaltali og marktækt færri nemendur samsama sig nemendahópnum. Á samráðsfundinum var rætt um hvað væri hægt að gera til að bæta þessa þætti og hverjar skýringarnar væru. Ýmsar skýringar á þessu voru nefndar eins og t.d. ríkjandi menning, dómharka og skortur á félagsfærni hjá nokkrum nemendum. Varðandi það hvað væri hægt að gera til að bæta þessa þætti komu fram athugasemdir um að vinna mætti markvisst að jákvæðari samskiptum, kynna betur eineltisteymið og auka gæslu hjá nemendum bæði í íþróttum og frímínútum.

Í lok maí heimsótti aðstoðarskólastjóri alla bekki sem tóku þátt í könnuninni og kynnti þeim niðurstöður nemendakönnunar. Þá voru niðurstöður ræddar og nemendum sagt hvernig unnið væri með þær. Nemendur spurðu ýmissa spurninga, en ekki mynduðust miklar umræður. Mikilvægt er að nemendur þekki hvernig niðurstöðurnar eru settar fram, hvernig unnið er með þær og fá tækifæri til að segja sína skoðun á niðurstöðunum.

Á starfsdögum í júní var aftur unnið með niðurstöður nemendakönnunar þegar seinni niðurstöður mælinga ársins voru kynntar fyrir öllu starfsfólki. Sjálfsmatsteymið undirbjó þrjár spurningar sem ræddar voru í fjórum hópum. Í fyrsta lagi var rætt um eineltið og af hverju skólinn mælist alltaf aðeins yfir hvað það varðar. Ýmislegt kom fram sem samræmist fyrri umræðum. Meðal annars að það þyrfti að auka gæslu, setja hömlur á símanotkun unglunga, leggja meiri áherslu á jákvæð samskipti t.d. á bekkjarfundum. Þá komu einnig fram tillögur um að vinna að uppeldisstefnu sem byggir að einhverju leyti á jákvæðri sálfræði og jákvæðum samskiptum. Einnig kom fram að e.t.v þyrfti betra upplýsingaflæði til foreldra og að fá foreldra meira inn í skólastarfið og að virkja bekkjartengla. Þá var einnig rætt um að kynna eineltisteymið betur fyrir foreldrum og nemendum.

Í öðru lagi var rætt um líðan nemenda í frímínútum sem kemur ekki nægilega vel út. Í því sambandi var töluvert rætt um símanotkun og þau svæði sem unglingar hafa til umráða í frímínútum. Ef til vill ýta lokuð nemendarymi undir klíkumenningu og neikvæð samskipti. Mikilvægt væri að hafa rýmið sem unglingarnir eru í utan kennslustunda opið. Einnig var rætt um að skipuleggja leiki á skólalóðinni fyrir yngri nemendur og auka gæsluna úti.

Foreldrakönnun

Á starfsmannafundi í júní 2017 voru niðurstöður foreldrakönnunar kynntar fyrir starfsfólki skólans. Foreldrakönnun kom vel út og sérstaklega var sagt frá því hve ánægja foreldra er mikil hér með nám og kennslu, stjórnun skólans og almennt þá þjónustu sem nemendur eru að fá. Þá vakti athygli að foreldrar eru hér marktækt afar ánægðir með úrvinnslu eineltismála. Starfsmenn töldu að það gæti verið vegna góðrar vinnu eineltisteymis, þess að kennarar bregðast fljótt við athugasemdum og leggja sig fram um að leysa þau mál sem upp koma.

Starfsmannakönnun

Niðurstöður starfsmannakönnunar voru kynntar. Niðurstöðurnar voru jákvæðar og almennt líður starfólki vel í vinnunni. Umræður voru nokkrar og spurt var út í einstaka þætti. Þeir þættir sem komu marktækt ólíkt þeim skólum sem verið er að bera sig saman við voru síðan ræddir sérstakleg meðal kennara enda sneru þessir þættir sérstaklega að kennslu og kennarastarfinu en ekki skólastarfinu almennt. Rætt var um upplýsingamiðlun til foreldra, samráð um kennslu og samvinnu kennara tengdri kennslu. Allir þessir þættir sem hér eru nefndir komu marktækt undir meðaltali þeirra skóla sem tóku þátt.

Í sambandi við upplýsingamiðlun töldu kennarar að stundum væri ekki frá miklu að segja, að ef til vill væri mikill munur á því hvað kennarar á mismunandi aldurstigum væru að senda miklar upplýsingar heim. Rætt um að þetta atriði megi ræða betur á stigsfundum og samræma upplýsingagjöf innan hvers stigs. Varðandi samráð og samvinnu um kennslu komu fram athugasemdir um að í hverjum árgangi væri oft bara einn umsjónarkennari og það hamlaði oft samstarfi. Þá kom fram að án efa mætti taka upp sérstaklega faglega/kennslufræðilega umræðu á stigsfundum. Einnig var nefnt að mikilvægt væri að stigsfundir væru ekki allir á sama tíma og að úr því þyrfti að bæta. Eins var rætt um teymisvinnu kennara og að það væri af hinu góða þegar tveir kennarar væru inni í bekk í stað þess að skipta stórum bekkjum í tvo litla hópa. Sú tillaga kom einnig fram að halda fleiri kennarafundi þar sem kennarar kynntu ýmis verkefni sem væri verið að vinna í bekkjunum til að deila hugmyndum.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2017-2018

Hvað á að gera?	Hvenær	Ábyrgð
Gera breytingar á rými nemenda í frímínútum. Setja upp nemendarými á opnum svæðum með sófum og góðri aðstöðu, einkum fyrir unglíngastig.	Skólaárið 2017 - 2018	Skólastjórnendur í samvinnu við nemendur, kennara, starfsfólk og húsvörð skólans.
Hópefli á unglíngastigi með jákvæða sálfræði að leiðarljósi.	Haust 2017	Skólastjórnendur, tengiliður unglíngastigs, kennarar á unglíngastigi og náms- og starfsráðgjafi.
Fara yfir gæslumál í frímínútum, svæðaskipta gæslu og skipuleggja leikjastöðvar í samvinnu við 7. bekk.	Haust 2017	Aðstoðarskólastjóri og húsvörður í samvinnu við nemendur í 7. bekk.
Samskiptastefna/agastefna Fá kynningar á stefnum sem byggjast á jákvæðum samskiptum.	Janúar - maí 2018	Skólastjórnendur
Gera fundaaætlun fram í tímann (eina önn í einu). Setja niður stigsfundi sem eru ekki allir á sama tíma. Setja kennslufræðileg mál á dagskrá funda, bæði kennarafunda og stigsfunda.	15. ágúst 2017 3. janúar 2018	Skólastjórnendur

Könnun náms- og starfsráðgjafa á líðan og einelti í öllum bekkjum. Einnig tengslakönnun náms- og starfsráðgjafa.	Haust og vor 2017	Skólastjórnendur í samvinnu við náms – og starfsráðgjafa.
Bekkjarmyndir og einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem áhersla er á líðan og samskipti.	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar í samvinnu við skólastjórnendur.
Morgunfundir skólastjórnenda með foreldrum á öllum aldurstigum þar sem ýmis atriði varðandi skólastarfið verður rætt t.d. skólareglur og samskipti í skólanum.	Haustönn 2017 Yngsta stig Miðstig Elsta stig	Skólastjórnendur í samvinnu við foreldrafélag og bekkjartengla.

Sjálfsmat skólaárið 2017-2018

Á skólaárinu 2017-2018 verður áfram unnið að því að meta skólastarfið og fá fram margvíslegar upplýsingar um starfið. Nemendakönnun Skólapúlsins verður áfram lögð fyrir en að auki verður unnið að því að fá fram viðhorf yngri nemenda varðandi skólastarfið t.d. með könnun náms- og starfsráðgjafa og með hópfundum.

Leitast verður við að fá fram viðhorf foreldra varðandi skólastarfið með morgunverðafundum á hverju aldurstigi í samvinnu við foreldrafélagið.

Formleg starfsmannasamtöl skólastjórnenda við alla starfsmenn skólans. Auk þess sem starfsmannakönnun Skólapúlsins verður lögð fyrir aftur. Stefnan er síðan að leggja foreldrakönnun og starfsmannakönnun fyrir annað hvert ár aðra könnunina á ári.

Lokaorð

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn er leitast við að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats/innra mats með markvissum hætti. Styrkja þá þætti sem koma vel út og skoða hvað er hægt til að bæta frekar þætti sem koma ekki eins vel út. Tilgangur matsins er alltaf að þróa áfram öflugt skólastarf til hagsbóta fyrir alla nemendur. Miðað við þær upplýsingar sem koma út úr þessu fjölbreytta mati gengur skólastarfið vel þó alltaf sé hægt að gera betur. Þann metnað hafa starfsmenn skólans, foreldrar og nemendur. Skólasamfélagið í Þorlákshöfn byggir á öflugum starfsfólki, foreldrum sem sýna skólastarfinu áhuga og hafa trú á skólanum, jákvæðu samfélagi gagnvart skólanum og síðast en ekki síst fjölbreyttum og frábærum nemendahóp. Þá hefur Sveitafélagið Ölfus ávallt sýnt mikinn metnað hvað varðar skólamál og aðbúnað skólans. Það endurspeglast í því að bæði starfsfólk og foreldrar eru marktækt mjög ánægð með aðbúnað skólans.